

Björn Jón Bragason

Aðdragandinn að falli Straums-Burðaráss

Í meira en tuttugu mánuði hafa fjölmiðlar verið uppfyllir af fréttum um afdrif viðskiptabankanna þriggja sem féllu með fáeinna daga millibili í byrjun október 2008. Svo mikil samfelld umfjöllun um eitt málefni er líkast til einsdæmi, en að auki var skipuð sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis sem með fjölmennu starfsliði ritaði gríðarlanga skýrslu um fall bankanna og þá hefur verið skipaður sérstakur saksóknari efnahagsbrota til að fara með rannsókn sakamála er tengjast hinum föllnu bönkum. Allt er þetta kunnara en frá þurfi að segja.

Fjárfestingabankinn Straumur-Burðarás hf. (Straumur) var einn af fjórum stærstu bönkum þjóðarinnar og var oftlega nefndur í sömu andrá og viðskiptabankarnir þrír. Straumur stóð nokkru lengur en viðskiptabankarnir, en svo fór að Fjármálaeftirlitið yfirtók rekstur hans hinn 9. mars 2009. Því máli var harla lítill gaumur gefinn og fram til þessa dags hefur sagan af endalokum Straums ekki verið sögð opinberlega. Hér verður greint frá aðdraganda þess að Fjármálaeftirlitið tók yfir rekstur Straums-Burðaráss. Í upphafi er þó rétt að glöggva sig á umfangi, umsvifum og hluthafahóp Straums-Burðaráss.

Fjárfestingabankinn
Straumur-Burðarás

Stærsti hluthafi Straums var Samson Global Holdings S.a.r.l. sem fór með rúmlega

34% hlut í bankanum, en um miðjan október 2008 var röð tíu stærstu hluthafa svofelld:

1. Samson Global Holdings S.a.r.l. – 34,31%
2. Landsbanki Luxembourg S.A. – 21,72%
3. Landsbanki Íslands hf. – 5,78%
4. Straumur-Burðarás fjárfestingab. hf. – 5,24%
5. GLB Hedge – 3,66%
6. Lífeyrissjóður verslunarmanna – 2,22%
7. Kaupþing Ís-15 – 1,70%
8. Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 – 1,50%
9. Sameinaði lífeyrissjóðurinn – 1,12%
10. Stafir lífeyrissjóður – 1,10%

Hinn 16. október 2008 voru hluthafar í Straumi alls 20.039 talsins og nam hlutfé 10.359.144.971 kr. að markaðsvirði. Tuttugu stærstu hluthafar bankans áttu þá samtals hlutfé að markaðsvirði 8.808.256.924 kr., en það var 85,04% af hlutfé bankans. Bankinn var með starfstöðvar í sjö löndum; Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Bretlandi, Póllandi og Tékklandi, auk Íslands.

Stjórn bankans var skipuð fimm mönnum. Formaður stjórnar var Björgólfur Thor Björgólfsson, alþjóðlegur fjárfestir, sem hefur sérhæft sig í fjárfestingum í lyfjaiðnaði, fjarskiptum og fjármálafyrirtækjum, einkanlega í Austur-Evrópu, í gegnum félag sitt, Novator Partners LLP. Varaformaður stjórnar var Birgir Már Ragnarsson, hluthafi og einn af stjórnendum Novators Partners LLP. Aðrir stjórnarmenn voru Friðrik Hallbjörn Karlsson, hluthafi í

fjárfestingafélaginu Vogabakka ehf., Guðmundur Kristjánsson, forstjóri og einn af stærstu hluthöfum Brims hf., og James Leitner, forstjóri Falcon Management Corporation. Forstjóri bankans var William Fall en hann kom til starfa hjá Straumi sumarið 2007. Hann var áður forstjóri allrar starfsemi Bank of America utan Bandaríkjanna, en starfstöðvar bankans voru alls í átján löndum þegar Fall lét af störfum þar í júní 2006.

Fall viðskiptabankanna þriggja

Fram að hruni viðskiptabankanna þriggja hafði Straumur unnið markvisst að því að draga úr áhættu í rekstri bankans, meðal annars með sölu eigna. Efnahagur bankans var í ágætu horfi, eigið fé nam rúmum einum milljarði evra og lausafjárstaðan í íslenskum krónum var einkar sterk. Gjaldeyrisspurrð á haustdögum 2008 gerbreytti þessari stöðu og svo fór loks að gjaldeyrismarkaðir lokuðust nær alveg um tíma. William Fall hefur látið þess getið að Straumur hafi galdið fyrir afar slæmt orðspor hinna föllnu íslensku banka.¹

Í kjölfar setningar hinna svokölluðu neyðarlaga voru reikningar Straums hjá Commerzbank, Skandinaviska Enskilda Banken og Nordea frystir. Var álitid að þetta stafaði af því að menn teldu erlendis að þess yrði skammt að biða að Straums biðu sömu örlög og annarra íslenskra banka. Hann yrði von bráðar færður undir skilaneftnd á vegum Fjármálaeftirlitsins og þar með gengid á hlut erlendra kröfuhafa. Í Straumi höfðu menn þá upplýsingar um að finnska fjármálaeftirlitid hefði lagt hömlur við því að finnskir bankar millifærðu fjármuni til Íslands og þá væntanlega í þeim tilgangi að vernda hagsmuni finnskra innlánseigenda Kaupþings og Glitnis. Takmarkanir finnska fjármálaeftirlitsins voru þó ekki bundnar við þessa banka, heldur stóð Straumi líka ógn af þeim þrátt fyrir að bankinn tæki ekki við innlánnum í Finnlandi.² Setning neyðarlaganna hafði gerbreytt rekstrarskilyrðum Straums til verri vegar. Erlendir viðskiptavinir

1 William Fall, viðtal 21. september 2009.

2 Tölvupóstur Óttars Pálssonar til Jónasar Fr. Jónssonar, dags. 10. október 2008.

hættu nú óðum að efna skuldbindingar sínar við bankann þar sem þeir treystu ekki umgjörð fjármálastarfseminnar á Íslandi.

Stjórn Straums kom saman til fundar í höfuðstöðvum bankans í Borgartúni hinn 21. október. Þar kom skýrt fram í máli William Fall forstjóra að gjaldeyrisskortur væri helsta vandamál bankans. Þá hefðu viðskipti við erlenda samstarfsaðila reynst erfiðleikum háð vegna hins slæma orðspors Íslands (e. the Iceland issue).³

Lausafjárerfiðleikar

Hinn 11. febrúar 2009 gerðu starfsmenn Seðlabankans grein fyrir fjárhagsstöðu Straums á fundi í fjármálaráðuneytinu. Þar kom fram að í lok ársins 2008 hefði Straumur lagt fram beiðni í Seðlabankanum um hundrað milljóna evra lausafjárþyrngreiðslu. Þá varð samkomulag milli aðila að Seðlabankinn veitti Straumi þá þegar lán gegn tryggingu að andvirði fimmtíu milljónir evra og að málið yrði aftur tekið til athugunar eftir áramótin og hefði Straumur nú óskað eftir því við Seðlabankann að hann veitti fyrirtækinu seinni helming þyrngreiðslunnar gegn skilgreindum tryggingum.

Daginn eftir, 12. febrúar, rituðu þeir Indriði H. Þorláksson og Þórhallur Arason bréf fyrir hönd fjármálaráðherra til Tryggva Pálssonar í Seðlabankanum. Í bréfi sínu tóku þeir skýrt fram nauðsyn þess að Seðlabankinn aðstoðaði Straum eftir fremsta megni. Í niðurlagi bréfsins segir:

Fjármálaráðuneytið telur að án þessarar þyrngreiðslu [fimmtíu milljónir evra] yrði Straumur Burðarás fjárfestingabanki hf. í verulegum fjárhagsvanda. Hann gæti haft áhrif á fjárhag og samningssöðu annarra fjármálaþyrngreiðslu í hagkerfinu og haft víðtækar afleiðingar á viðkvæmum tíma. Því vill ráðuneytið með bréfi þessu staðfesta að það styðji það að Seðlabanki Íslands veiti Straumi Burðarási fjárfestingabanka hf. umrædda þyrngreiðslu gegn þeim tryggingum sem hann býður fram.⁴

3 Fundargerð stjórnarfundar Straums-Burðarás fjárfestingabanka hf. 22. október 2008.

4 Bréf Indriða H. Þorlákssonar og Þórhalls Arasonar til Tryggva Pálssonar, dags. 12. febrúar 2009. Skjalasafn fjármálaráðuneytisins.

Upplýsingum um lausafjárstöðu Straums var komið daglega til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans og þá var breska fjármálaeftirlitinu, sem og matsfyrirtækinu Fitch gerð reglulega grein fyrir stöðu mála. Í janúar var unnið að nýrri áætlun innan bankans sem miðaði að því að skilgreina hvert yrði hlutverk Straums í hinu endurreista fjármálakerfi Íslands. Í þessu skyni var útbúin áætlun sem kynnt var undir nafninu *Project Return*. Þar var sýnt fram á mikið eigið fé bankans, en Straumur hefði staðið af sér ólgusjó sem nánast hefði kaffært öll íslensk fjármálfyrirtæki og þá væri það styrkur bankans að búa að ríkum alþjóðlegum tengslum með stærstan hluta sinnar starfsemi á erlendri grund. Bankinn hefði á að skipa færum stjórnendum, jafnt íslenskum sem erlendum.⁵ Stjórnendur Straums mátu það svo að bankinn hefði mikið fram að færa við uppbyggingu íslensks fjármálakerfis. Almennt var tillögunum tekið vel, en fulltrúar ríkisstjórnarinnar virtust fremur hafa hugann við framtíð sparisjóðanna og hvernig mætti koma þeim til bjargar.⁶

Síðla í febrúar ræddu þeir William Fall og Stephen Jack, fjármálastjóri Straums, talsvert saman um yfirvofandi lausafjávanda bankans. Þá hafði það komið fram í viðræðum við fulltrúa lífeyrissjóða í desember 2008 að þeir vildu ekki koma með fjármagn inn í reksturinn af ótta við að á það yrði litið að þeir væru að styðja við bakið á Björgólfi Thor og þá var það skýr vilji þeirra að leggja innistæður sínar fremur á reikninga í ríkisbönkunum.⁷

William Fall, þáverandi forstjóri Straums, segir samvinnu við stjórnvöld hafa gengið afar illa og eigi það sér í lagi við um Fjármálaeftirlitið. Þá hafi mjög skort á forystu í þessum efnunum. Stjórnvöld hafi verið sem höfuðlaus her.⁸ Í þessu sambandi er rétt að geta þess að skömmu áður en skilanevnd var sett yfir rekstur Straums-Burðaráss hafði bankastjórn Seðlabankans verið vikið frá störfum og nýr bankastjóri aðeins starfað

í fáeina daga, en það var erlendur maður sem ekkert þekkti til mála hér. Þá hafði Fjármálaeftirlitið verið án skipaðs forstjóra í rúman mánuð, eða frá þeim degi er Jónas Fr. Jónsson lét af embætti.

Að mati Fall skorti tilfinnanlega þekkingu og reynslu innan stjórnkerfisins til að takast á við málefni af þessu tagi. Eigi þetta jafnt við um Fjármálaeftirlitið, Seðlabankann, fjármálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. William Fall lítur svo á að það hafi verið hlutverk Fjármálaeftirlitsins að hafa stjórn á þessum málum, en þar á bæ virtust menn vart hafa burði til þess.⁹ Fall telur enn fremur að forystuleysi hinna opinberu stofnana sé bein afleiðing pólitískra væringa. Þetta hafi komið einna gleggst fram í ákafa vinstri stjórnarinnar við að koma formanni bankastjórnar Seðlabankans frá völdum. Þá hafi í aðdraganda alþingiskosninga falist mikil pólitísk áhætta í því fyrir hvaða stjórnarmálaflökk sem var að styðja við bakið á fyrirtæki, þar sem Björgólfur Thor Björgólfsson væri meðal stærstu hluthafa. Stjórnvöld hafi aukinheldur óttast að koma að rekstri Straums með nýtt hlutafé í ljósi þess hversu illa tókst til með fyrirhugaða aðkomu ríkisins að rekstri Glitnis. Öll áhersla stjórnvalda hafi verið á að vernda íslenska innistæðueigendur og þá á kostnað annarra kröfuhafa bankanna.¹⁰

Stífundahöld

Síðla dags miðvikudaginn 4. mars dró til tíðinda. Þá fékk William Fall símtal frá Peter Fox, starfsmanni breska fjármálaeftirlitsins. Spurðist Fox fyrir um lausafjárstöðu bankans með hliðsjón af afborgunum af lánum sem væru á gjalddaga mánudaginn 9. mars. Breska fjármálaeftirlitið var þess albúið að grípa til aðgerða gegn Straumi í Bretlandi ef ekki tækist að tryggja greiðslu þeirra afborgana sem voru á gjalddaga umræddan dag.

William Fall gerði Tryggva Pálssyni, fram-

5 Project Return. Skyggnusýning Straums-Burðaráss 2009.

6 William Fall, viðtal 21. september 2009.

7 Sama heimild.

8 Sama heimild.

9 Sama heimild.

10 William Fall: „Review of Events Leading up to STRB going into administration“.

Morgunblaðið og Mbl.is halda traustri forystu

Íslendingar treysta Morgunblaðinu og Mbl.is
betur en öðrum dagblöðum og netmiðlum.

Morgunblaðið	46,4%
Fréttablaðið	34,8%
DV	9,4%

Mbl.is	51,7%
Visir.is	29,6%
Pressan.is	16,9%
Eyjan.is	13,6%

Samkvæmt könnun MMR á trausti Íslendinga á aldrinum 18-67 ára
til helstu sjónvarps-, prent- og netfréttamiðla sem fram fór 20. apríl 2010.

mbl.is

Morgunblaðið

— Meira fyrir lesendur

kvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans, grein fyrir stöðu mála og klukkan tíu næsta morgun áttu þeir William og Óttar Pálsson, aðallögfræðingur Straums, fund með seðlabankamönnum, þeim Svein Harald Øygard bankastjóra, Arnóri Sighvatssyni aðalhafgfræðingi og Tryggva Pálssyni. Þetta var þriðji dagur norska seðlabankastjórans í embætti. Á fundinum gerðu Straumsmenn grein fyrir aðkallandi lausafjáranda bankans, sem þeir töldu tímabundinn þar eð sala eigna var á allra næsta leiti. Á fundinum óskaði Straumur eftir fyrirgreiðslu að fjárhæð hundrað milljónir evra. Fundur þessi stóð yfir í um klukkustund og mestur tími fór í að kynna málefni Straums fyrir nýjum seðlabankastjóra. Engar almennar umræður fóru því fram um þessi mál, en fulltrúar Seðlabankans kváðust vera undrandi á harkalegri afstöðu breska fjármálaeftirlitsins. Svein Harald Øygard segir að Straumsmenn hafi ekki gert Seðlabankanum grein fyrir áhyggjum breska fjármálaeftirlitsins á þessum fundi, en Seðlabankinn hafi fengið vitneskju um þær áhyggjur síðar um daginn. Hefði þeim þá orðið ljóst að lausafjárstaða Straums var enn alvarlegri en þeir höfðu búist við.¹¹

Laust fyrir hádegi sama dag funduðu þeir William Fall og Óttar með þremur fulltrúum Fjármálaeftirlitsins, þeim Ragnari Hafliðasyni, starfandi forstjóra, Helgu Rut Eysteinsdóttur og einum starfsmanni til viðbótar. William reifaði stöðu mála fyrir fulltrúum Fjármálaeftirlitsins, en honum þótti auðheyrð að Bretarnir hefðu rætt við starfsmenn íslensku systurstofnunarinnar.¹² Eftir hádegi fóru William og Óttar til fundar við tvo fulltrúa forsætisráðuneytis og var þeim kynnt áætlunin *Project Return*, sem fjallaði um það hvernig Straumur gæti komið að endurreisn íslensks efnahagslífs, en þessi kynning var útbúin í byrjun febrúarmánaðar. Kynningunni mun hafa verið vel tekið. Í forsætisráðuneytinu finnst þó ekki eitt einasta skjal sem varðar málefni Straums-Burðaráss.¹³

11 Svein Harald Øygard, viðtal 17. desember 2009.

12 William Fall, viðtal 21. september 2009.

13 Bréf Ragnhildar Arnljótsdóttur, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis, til höfundar, dags. 19. nóvember 2009.

Stjórnendur Straums upplýstu breska fjármálaeftirlitið um það klukkan 16:00 sama dag að 19 af 21 banka hefðu fallist á að framlengja lán sem voru á gjalddaga mánudaginn 9. mars. Sölu á ýmsum eignum voru fyrirbyggjandi og töldu stjórnendur Straums ágætar líkur á að staðið yrði við skuldbindingar bankans í næstu viku.

Klukkan 10:00 að morgni föstudagsins 6. mars settu þeir William Fall og Stephen Jack, fjármálastjóri Straums, sig aftur í samband við breska fjármálaeftirlitið. Þá höfðu allir bankarnir 21 samþykkt að afborgunum skyldi frestað og allt stefndi í að sölu á fjarskiptafélaginu Netia lyki síðar hinn sama dag. Stephen Jack var staddur á Íslandi þessa daga, og þeir Fall og Jack áttu dagleg samskipti við breska fjármálaeftirlitið dagana 4. til 8. mars.¹⁴ Ákveðið var að þeir skyldu kynna stöðu mála fyrir Bretunum aftur síðdegis sama dag og kl. 18:00 ræddu þeir á nýjan leik við Bretana. Þá höfðu verið undirritaðir samningar við alla bankana 21. Salan á Netia hafði tekist og búist var við að greiðsla bærst undir lok dags miðvikudaginn 11. mars. Þeir Stephen Jack og William Fall höfðu engu að síður komist að þeirri niðurstöðu þennan sama dag að án frekari fyrirgreiðslu Seðlabanka yrði Straumi fyrirmunað að opna fyrir viðskipti að morgni 9. mars.¹⁵ Í samkomulagi Straums við helstu lánardrottna fólst að gjalddagar lána upp á 130 milljónir evra í maí færðust yfir á þriðja ársfjórðung. Tímann skyldi nýta til aðhaldsaðgerða, svo sem sölu eigna. Afrakstur þeirrar sölu yrði síðan notaður til að greiða niður lánin. Raunar hafði verið unnið að eignasölu frá hausti 2008. Var uppskeran farin að skila sér og búist var við að 200 milljónir evra myndu fást fyrir sölu eigna á næstu mánuðum.¹⁶

Lausafjárstaða bankans hafði versnað eftir mikið ústreymi af innlánsreikningum bankans. Alls munu innlendir innistæðueigendur

14 Tölvupóstur Stephen Jack til William Fall, dags. 24. ágúst 2009.

15 Sama heimild.

16 „Straumur samdi við kröfuhafa í síðustu viku.“ *Fréttablaðið*, 13. mars 2009.

hafa tekið átján milljónir evra út úr bankanum laust fyrir helgina. Var þetta tilkomið vegna mikillar lækkunnar á hlutabréfamörkuðum, en gefin höfðu verið út fjölmörg veðköll af þeim sökum.¹⁷ Höfundur hefur ekki fundið heimildir sem styðja að hugsanlegur upplýsingaleki frá stjórnvöldum hafi leitt til hinna miklu úttekta.

Að morgni laugardagsins 7. mars átti Óttar Pálsson óformlegt símtal við einhvern af undirmönnum viðskiptaráðherra.¹⁸ Fann Óttar að því að stjórnvöld gæfu erfiðleikum Straums ekki nægjanlegan gaum. Óttar gerði William grein fyrir efni þess samtals og William punktaði hjá sér að Óttar

is being informed that, while the matter was being discussed, a big issue was going to be that the Government could not afford to be seen “saving” BTB [Björgólfur Thor Björgólfsson] in any way.¹⁹

Svein Harald Öygard kannast ekki við að skort hafi á pólitískan vilja til að bjarga Straumi. Þvert á móti hefðu allar ákvarðanir Seðlabankans verið teknar á faglegum grundvelli. Í samtali við höfund tók hann þó fram að hann gæti vitaskuld ekki svarað fyrir aðrar stofnanir.²⁰

Stjórnendur Straums sendu talsvert af textaskilaboðum með sínum og áttu símtöl við ýmsa ráðamenn, jafnt í ríkisstjórninni, ráðuneytunum, hjá Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum. Engin viðbrögð bárust um hvaða áform ríkisstjórnin, Fjármálaeftirlitið eða Seðlabankinn hefðu. Að sögn William var Straumi gert afar erfitt um vik að taka frekari ákvarðanir þar sem ekki fengust nein skýr svör hjá opinberum aðilum, auk þess sem óljóst var hver væri hinn rétti viðsemjandi fyrir ríkisins hönd.

Þeir William Fall og Stephen Jack ræddu enn

17 „Stjórnendum Straums átti að vera ljóst hvert stefndi.“ *Fréttablaðið*, 10. mars 2009.

18 Óttar rak ekki minni til þess, í samtali við höfund, hver þessi starfsmaður væri.

19 William Fall: „Review of Events Leading up to STRB going into administration“.

20 Svein Harald Öygard, viðtal 17. desember 2009.

á ný við Peter Fox hjá breska fjármálaeftirlitinu klukkan tíu að morgni laugardagsins. Eina vonarglæta bankans var að jákvæð niðurstaða fengist eftir fyrirhugaðan fund stjórnenda Straums með fulltrúum stjórnvalda síðar um daginn. Fox minntist á að bankinn þyrfti að búa sig undir hugsanlegt greiðsluþrot.²¹

Klukkan 15:00 hófst fundur í fjármálaráðuneytinu. Afhálfu Straums sátu á fundinum William Fall, Stephen Jack og Óttar Pálsson. Frá Seðlabankanum voru mættir Svein Harald Öygard og Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs bankans. Fundinn sátu einnig þeir Ragnar Hafliðason, starfandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Þórhallur Arason, fulltrúi fjármálaráðuneytis, og embættismaður úr viðskiptaráðuneyti. Stjórnendur Straums höfðu útbúið mjög nákvæma greiningu á stöðu bankans og þeim aðkallandi vandamálum sem við væri að etja. Borin var upp formleg beiðni um lausafjárstuðning að fjárhæð hundrað milljónir evra til að ráða fram úr aðkallandi lausafjávanda til skamms tíma. Til lengri tíma litið yrði dregið stórkostlega úr áhættu með sölu eigna. Straumsmenn reifuðu enn fremur þá hugmynd á fundinum að ríkið gerðist hluthafi í bankanum. Viðbrögð fulltrúa hinna opinberu stofnana voru lítil sem engin og sýndust þeir flestir mjög áhugalitlir og beinlínis flóttalegir. Fulltrúi viðskiptaráðuneytis yfirgaf fundinn að stundarfjórðungi liðnum og hann lét ekki í ljósi nein viðbrögð við hugmyndum Straums. Embættismennirnir úr fjármálaráðuneyti og frá Fjármálaeftirliti þögðu líka þunnu hljóði. Fundurinn stóð ekki lengur en fimmtíu mínútur. Seðlabankamenn voru öllu áhugasamari, sér í lagi Svein Harald.²²

Í fjölmiðlum var síðar greint frá því að á laugardeginum 7. mars hefði stjórnendum Straums gefist kostur á að gera embættismönnum grein fyrir stöðu bankans. Þessir embættismenn munu hafa verið frá fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti, en á umræddum fundi munu einnig hafa setið seðlabankastjóri og þrír fulltrúar frá Fjármálaeftirlitinu. Að sögn

21 William Fall, viðtal 21. september 2009.

22 Sama heimild.

Williams Fall þá stóð þessi fundur yfir í rúma klukkustund og hafi bankinn sýnt fram á að hann gæti greitt allar skuldir sem fyrirsjáanlegt væri að standa þyrfti skil á, kæmi til fyrirgreiðsla Sedlabanka Íslands.²³

Gunnar Haraldsson, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, sagði þetta rangt í samtali við blaðamann *Fréttablaðsins*. Um þetta mælti Gunnar: „Ég fullyrði að þetta er ekki rétt og mér finnst mjög skrytið ef aðilar, sem telja sig hafa góðar heimildir um atburðarásina, halda þessu fram. Það setur að mér ugg yfir þessu.“ Þá kvaðst Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ekki heldur kannast við umræddan fund á laugardeginum.²⁴ Ljóst er þó að umræddur fundur átti sér stað.

Til er skyggusýning dagsett 7. mars 2009, þar sem farið er yfir helstu þætti í rekstri Straums og hvað við blasi, en það er sú kynning sem lögð var fram á fundi stjórnenda Straums með embættismönnum. Þar kemur fram að bankinn hafi staðist ströngustu álagsþróf og sé vel fjármagnaður, en þó hafi útstreymi af reikningum félagsins á umliðnum dögum leitt til tímabundinna erfiðleika við greiðslu afborgana af lánnum. Að mati stjórnenda Straums var til mikils að vinna að halda áfram starfsemi bankans, verðmæti færur ella forgörðum og fall bankans myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir orðspor Íslands á alþjóðavettvangi. Bankinn væri íslenskur fjárfestingabanki sem starfaði á alþjóðlegum markaði og eina fjármálafyrirtækið sem enn væri skráð í Kauphöllinni. Eftir að viðskiptabankarnir féllu væri Straumur mjög mikilvæg gátt íslenskra fyrirtækja í samskiptum við umheiminn. Hluthafar væru alls um tuttugu þúsund og starfsmenn 597 á tíu skrifstofum víðs vegar um Norðurlálfu, þar á meðal 120 á Íslandi. Eigið fé næmi um sjö hundruð milljónum evra og eiginfjárlutfall væri yfir níttján af hundræði. Áætlanir gerðu ráð fyrir að með eignasölu myndi eiginfjárlutfallið hækka stig af stigi. Þá þegar á öðrum ársfjórðungi myndi það fara upp í 21 prósent, yrði komið upp í 24 prósent á þeim fjórða og á öðrum ársfjórðungi 2010 væri

23 Sama heimild.

24 „Straumur gagnrýnir FME.“ *Fréttablaðið*, 10. mars 2009.

það orðið 28 af hundræði. Stjórnendur Straums töldu að mikið væri í húfi fyrir íslensk stjórnvöld og rétt væri að þau kæmu að bankanum með fjárframlagi að upphæð hundræð milljónir evra og ríkissjóður myndi eignast 39,9 prósent hlut í félaginu. Þá tæki ný stjórn við og nýr stjórnarformaður yrði skipaður.²⁵

Svein Harald Öygard telur að það hefði verið óviðeigandi að ríkið gerðist hluthafi í Straumi. Til að mynda í ljósi þess að yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna væri erlendur og staðsettur erlendis og 89% útlána til erlendra aðila. Það væri því fjarri lagi að tala um íslenskan banka auk þess sem bankinn hefði að hans mati notið of mikillar fyrirgreiðslu fram að þessu. Þá hefði falist í því mismunun gagnvart öðrum fjármálastofnunum að ríkið gerðist hluthafi í Straumi. Kveðst Svein Harald hafa látið þessa afstöðu sína í ljósi á fundinum á laugardeginum og enn fremur sagt að hann réði fjármálaráðherra frá því að ríkið gerðist hluthafi í bankanum.²⁶

Klukkan 18:00 á laugardeginum höfðu þeir Fall og Jack enn á ný samband við Bretana og tilkynntu þeim að ekkert væri að frétta af framvindu málsins eftir samræður við fulltrúa hinna ýmsu stofnana. Klukkustund síðar átti William Fall símtal við Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra. Fjármálaráðherra hafði lítið um málið að segja, en kvaðst hafa fengið upplýsingar um málið frá ráðgjöfum sínum sem hefðu tjáð sér að farin yrði sú leið er henta myndi Íslandi best.²⁷ Fall hafði einnig hug á að ná símasambandi við Gylfa Magnússon viðskiptaráðherra, en það tókst ekki. Steingrímur gat staðfest við blaðamann *Fréttablaðsins* að þetta samtal hefði átt sér stað. Hins vegar kvaðst hann ekki kannast við að hafa sagt Fall í þessu samtali að ráðgjafar sínir hefðu lagt til að bankinn yrði þjóðnýttur, en heimildarmenn blaðsins innan Straums munu hafa fullyrt svo. Sagðist Steingrímur aðeins hafa hlýtt á viðhorf Fall, en engu

25 *Saving Straumur*. Skyggusýning Williams Fall á stöðu Straums fyrir Sedlabanka, 7. mars 2009.

26 Svein Harald Öygard, viðtal 17. desember 2009.

27 William Fall, viðtal 21. september 2009.

Ómissandi
atvinnutæki.

Viðskiptablaðið

— Áskriftarsíminn er 511 6622 —

vb.is

svarað til baka þar sem það væri ekki á hans verksviði.²⁸

Ljóst að Straumi yrði ekki veitt fyrirgreiðsla

Að morgni sunnudagsins 8. mars settust æðstu stjórnendur Straums niður og undirbyggju áætlun fyrir næstu daga sem byggðist á þeirri forsendu að Straumur myndi óska eftir greiðslustöðvun. Klukkan fjögur síðdegis fóru þeir William og Óskar til fundar á skrifstofu Fjármálaeftirlitsins. Þar voru Svein Harald Öygard, Sturla Pálsson, Ragnar Hafliðason, Gunnar Haraldsson, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins, og tveir lögfræðingar frá eftirlitinu, annar þeirra var Arnar Þór Sæþórsson. Á þessum fundi kom fram að Seðlabankinn myndi ekki veita Straumi frekari fyrirgreiðslu. Enginn fulltrúi ríkisstjórnar var á staðnum og ekkert kom fram um það hvernig hinir opinberu aðilar sæju fyrir sér framtíð bankans. William og Óttar gerðu skýrlega grein fyrir því á fundinum að greiðslustöðvun væri hin æskilega leið fyrir bankann úr því sem komið væri. William rakti fyrir viðstöddum að hann teldi að í því fælist stórkostlegur skaði að veita Straumi ekki fyrirgreiðslu á sama tíma og aðrir mun veikari bankar væru styrktir. Straumur byggji við afar sterka eiginfjárstöðu og væri eina fjármálafyrirtækið í Kauphöllinni. Afstaða stjórnvalda væri kaldhæðnisleg í ljósi þess að bankinn ætti framtíðina fyrir sér. William bætti við að hann teldi skorta tilfinnanlega pólitískan vilja til að koma bankanum til aðstoðar. Sturla Pálsson tók fram að það væri ekki í valdi Seðlabankans að veita bönkum fyrirgreiðslu við þær aðstæður sem nú væru uppi. Þau ummæli Sturla skjóta skökku við því á sama tíma veitti Seðlabankinn gríðarleg lán til fjármálastofnana sem síðar var siglt í þrot. William benti fundarmönnum á að þeir sem raunverulega tækju ákvörðun um þetta mál væru fjarstaddir.²⁹

Að sögn Tryggva Pálssonar, framkvæmdastjóra

28 „Straumur gagnrýnir FME.“ *Fréttablaðið*, 10. mars 2009.

29 William Fall, viðtal 21. september 2009.

fjármálasviðs Seðlabankans, gerði Seðlabankinn hvað hann gat til að aðstoða Straum um laust fé, en til grundvallar lágu mjög ýtarlegar skýrslur frá Straumi. Hins vegar hefði Straumur fallið á tíma varðandi sölu eigna, en eignasalan tekið lengri tíma en ráð var fyrir gert. Hér hefðu aðgerðir danska fjármálaeftirlitsins skipt máli, en það hefði meinað Straumi að taka við innlánnum þar í landi. Tryggvi Pálsson segir það hafa verið mat Seðlabankans að ekki væri unnt að taka frekari tryggingar hjá Straumi. Talsverðri óvissu hefði verið háð hvað fengist úr eignasölu, en eignir hafi ekki dugað fyrir skuldum. Seðlabankamenn munu hafa átt mjög annríkt umrædda daga vegna vandræða Icebank og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Að mati Tryggva var þarna komið að endalokum og Seðlabankinn hefði ekki getað veitt frekari fyrirgreiðslu, en hann áréttar að hann hafi alla tíð átt mjög góð samskipti við William Fall. Segir Tryggvi að enginn „hvellur“ hafi orðið í samskiptum Straums og Seðlabankans vegna þessa, ólíkt samskiptum Seðlabankans og Glitnis nokkrum mánuðum fyrr. Óttar Pálsson hefði til að mynda verið mjög vel meðvitauður um það hvernig málin stóðu. Stjórnendur Straums hefðu upplýst Seðlabankann rækilega um stöðu Straums. Þessi mál hefðu verið til fyrirmyndar hvað Straum varðar, ólíkt gömlu viðskiptabönkunum þremur, en Seðlabankinn hafði ekki upplýsingar um helstu viðskiptavini þeirra.³⁰

Svein Harald Öygard sagði í samtali við höfund að málefni Straums-Burðaráss hefðu verið með allra fyrstu málum sem hann kom að sem seðlabankastjóri. Taldi hann að Seðlabankinn hefði fram til marsmánaðar 2009 teygst sig fulllangt til að koma til móts við Straum og nefndi hann í því sambandi fyrirgreiðslu í desember 2008. Hefðu sum veðanna verið „óhefðbundin“. Veð í finnskum fjárfestingabanka væri meðal þess sem hann kallaði „óhefðbundið“. Kvaðst hann sjálfur hafa lagst gegn því að bankinn fengi lán að andvirði hundrað milljónir evra. Þá hefðu möguleikar Seðlabankans til lána fyrirgreiðslu verið mjög takmarkaðir á þessum tíma og Seðlabankinn í reynd ekki haft burði til að vera lánveitandi

30 Tryggvi Pálsson, viðtal 17. nóvember 2009.

til þrautavara.³¹ Kvaðst hann hafa haft litla trú á því að sala fyrirtækja með hraði gæti bjargað Straumi. Það verð sem fengist við slíka sölu væri að öllum jafnaði langt undir markaðsvirði. Hefðu stjórnendur Straums haldið því fram að vandi bankans væri tímabundinn lausafjárvandur. Nefndi Svein Harald í því sambandi að kjör á lánum við slíkar aðstæður væru að öllum jafnaði afar óhagstæð.³²

Í kjölfar fundar stjórnenda Straums með embættismönnum var afráðið að Stephen Jack flygi til Lundúna svo hann gæti rætt við starfsfólk Straums þar fyrir opnun markaða.³³ Þá hafði William Fall samband við breska fjármálaeftirlitið og gerði þeim grein fyrir stöðu mála. Fall reyndi einnig að ná tali af fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra, en skilaboðum þar að lútandi var ekki svarað. Í Straumi var hafinn undirbúningur að því að óska eftir greiðslustöðvun, auk þess sem farið yrði í aðhaldsaðgerðir með uppsögnum starfsfólks og ýmsum frekari aðgerðum.

Stephen Jack segir svo frá að hann hafi átt samtal við William Fall í síma um miðnætti, en stjórnendur Straums höfðu verið í stöðugu sambandi þá um kvöldið til að undirbúa næstu skref. Jack gekk til náða við svo búid.³⁴

Dregur til tíðinda um hánótt

Stjórnendur Straums voru enn við störf á skrifstofum bankans aðfaranótt 9. mars, en árla morguns skyldi óskað eftir greiðslustöðvun. Öllum að óvörum barst bankanum símtal laust fyrir klukkan fjögur um nóttina og voru stjórnendur Straums beðnir að mæta til fundar í Fjármálaeftirlitinu. Þeir William og Óttar héldu þangað ásamt Jakobi Ásmundssyni, starfsmanni bankans. Þar voru fyrir ýmsir starfsmenn og stjórnarmenn Fjármálaeftirlitsins, þar á meðal Þóra Hjaltested og Óskar Sigurðsson, en ekkert þeirra var kynnt formlega. Gunnar Haraldsson hefur látið þess getið við undirritaðan að hann

31 Svein Harald Öygard, viðtal 17. desember 2009.

32 Sama heimild.

33 Tölvupóstur Stephen Jack til William Fall, dags. 24. ágúst 2009.

34 Sama heimild.

hafi ekki verið viðstaddur þarna að morgni mánudagsins.³⁵ Straumsmenn rekur þó minni til þess að Gunnar hafi verið á staðnum.³⁶ Á fundinum var dreift tilkynningu þess efnis að sett yrði skilanevnd yfir bankann, en með henni fylgdi óformleg ensk þýðing. Engin skýring var gefin á þessari ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þá um nóttina og að mati Williams Fall hafði ákvörðunin lítt verið ígrunduð.³⁷ Ekkert var rætt um frekari framkvæmd þessarar ráðstöfunar og var þeim þremmingum, William, Óttari og Jakobi, fylgt aftur í höfuðstöðvar Straums af starfsmanni Fjármálaeftirlitsins.

Skilanevnd var sett yfir bankann á grundvelli svokallaðra neyðarlaga, nr. 125/2008, en þau nefnast lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármála-markaði o.fl. Fölu þau lög í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og öðrum lögum. Með lögum þessum voru Fjármálaeftirlitinu fengnar heimildir til að grípa til ráðstafana vegna sérstæðra aðstæðna eða atvika í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Mæti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður væru „mjög knýjandi“ gæti það meðal annars tekið sér vald hluthafafundar fjármálafyrirtækis, vikið stjórn þess frá störfum og sett yfir það skilanevnd. Yfirvofandi og alvarlegur lausafjárskortur Straums væri „knýjandi“ í skilningi Fjármálaeftirlitsins, sbr. 3. mgr. 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. lög nr. 125/2008 (úttnefnd neyðarlög). Í auglýsingu frá Fjármálaeftirlitinu sagði um þetta atriði:

Það er ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að taka yfir vald hluthafafundar Straums og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum þegar í stað. Fjármálaeftirlitið skipar jafnframt hér með skilanevnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar félagsins ...³⁸

35 Gunnar Haraldsson, viðtal 20. október 2009.

36 Stutt samtal höfundar við Óttar Pálsson, 25. nóvember 2009. – William Fall, viðtal 21. september 2009.

37 Tölvupóstur William Fall til Ingva Snæs Einarssonar, dags. 20. ágúst 2009.

38 Auglýsing. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um skipan skilanevndar fyrir Straum-Burðarás fjárfestingabanka hf.

Klukkan fimm að morgni mánudagsins 9. mars kom skilanevndin til höfuðstöðva Straums. Formaður hennar var skipaður Reynir Vignir, en aðrir nefndarmenn voru Kristinn Freyr Kristinsson, Arna Guðrún Tryggvadóttir, Elín Árnadóttir og Ragnar Þórður Jónasson. Fimm-menningarnir í skilanevndinni virtust ekki vita hvert hlutverk þeirra væri og þurftu að hringja fjölmörg símtöl til Fjármálaeftirlits til að fá svör við fyrirspurnum stjórnenda Straums.³⁹ William Fall spurði formann skilanevndarinnar þriggja spurninga þá um nóttina: Hver væri eigandi bankans, í umboði hvers væri hann nú sem forstjóri og hvort gætt yrði jafnræðis gagnvart kröfuhöfum. Formaður nefndarinnar gat ekki svarað fyrri spurningunum tveimur, en innlendir innistæðueigendur nyttu forgangnum umfram aðra kröfuhafa.⁴⁰

Það sem blasti við stjórnendum Straums var:

- að við svo búíð var stjórnendum félagsins óheimilt að leita greiðslustöðvunar;
- að bankinn gat ekki hafði viðskipti að nýju nema fyrirmæli kæmu þar að lútandi;
- að lokað yrði með viðskipti á hlutabréfum félagsins í Kauphöllinni;
- að til stæði að vernda innistæður íslenskra innistæðueigenda í Straumi sérstaklega og þar með yrði gengið á rétt annarra kröfuhafa. Þetta væri að þeirra mati beinlínis ólöglegt.⁴¹

Hins vegar var öldungis óljóst:

- hvernig eignarhaldi bankans væri háttað;
- hvort hann yrði áfram starfræktur;
- hver framtíð starfsfólksins yrði;
- hver lagaleg staða bankans væri, jafnt með tilliti til íslenskra laga og ekki síður með hliðsjón af alþjóðlegum reglum.⁴²

William Fall ráðfærði sig við Óttar Pálsson og voru þeir báðir þeirrar skoðunar að staða

Williams væri óverjandi (e. untenable position) og því ekki um annað að ræða en hann segði starfi sínu lausu. Þegar þarna var komið sögu var klukkan 5:30.⁴³

Stephen Jack var mættur til skrifstofu sinnar í Lundúnum klukkan 6:00 um morguninn og átti samtalið við Fall, sem tilkynnti honum að sett hefði verið skilanevnd yfir bankann og að hann hefði afraðið að láta af störfum. Fall skýrði þessa ákvörðun svo fyrir Jack, að hann kysi að hverfa frá störfum í ljósi þess að íslenska Fjármálaeftirlitið hygðist mismuna innistæðueigendum á grundvelli þjóðernis. Slík mismunun gengi í berhöggi við Evrópu-tilskipanir og hann gæti ekki hugsað sér að koma nærri ákvörðunum sem hugsanlega vörðuðu við lög. William Fall taldi sér ekki fært að sitja lengur í embætti forstjóra við þessar aðstæður vegna óljósrar stöðu og ólöglegar meðferðar á kröfuhöfum og nefndi við Jack að það ætti hugsanlega einnig við um hann.⁴⁴

Þá þegar um morguninn var unnið að því hörðum höndum að semja áætlun um samskipti bankans, jafnt inn á við sem út á við, en útibúin í austanverðri Evrópu opnuðu tveimur tímum fyrir en skrifstofan í Reykjavík. Því var nauðsynlegt að upplýsa stjórnendur þar undireins um það sem gerst hafði. Það féll algjörlega í hlut stjórnenda Straums að upplýsa fjölmiðla og þar með almenning um hina skyndilega breyttu stöðu en skilanevndin kom ekkert að málum strax, enda virtist hlutverk hennar enn vera mjög óljóst og gátu nefndarmenn lítið svarað spurningum stjórnenda Straums og þurftu ítrekað að hringja til Fjármálaeftirlitsins um leiðbeiningar.⁴⁵ Klukkan 7:45 var tilkynning send Kauphöllinni um að skilanevnd hefði tekið yfir vald hluthafafundar og starfsmannafundir boðaðir klukkan 9:00. Enn fremur var boðað til framkvæmdastjórnarfundar.

William Fall flaug til Lundúna síðdegis hinn

39 William Fall, viðtal 21. september 2009.

40 Tölvupóstur William Fall til Ingva Snæs Einarssonar, dags. 20. ágúst 2009.

41 William Fall: „Review of Events Leading up to STRB going into administration“.

42 Sama heimild.

43 Tölvupóstur William Fall til Ingva Snæs Einarssonar, dags. 20. ágúst 2009.

44 Tölvupóstur Stephen Jack til William Fall, dags. 24. ágúst 2009.

45 Tölvupóstur William Fall til Ingva Snæs Einarssonar, dags. 20. ágúst 2009.

9. mars og næstu daga leituðu stjórnendur Straums mikið til hans vegna ýmissa mála. Hann heyrði hins vegar aldrei framfar frá skilaneftinginni.⁴⁶ Fall ræddi við starfsfólk Straums í Lundúnum á þriðjudeginum og reyndi að skýra stöðuna eftir því sem hann best gat. Stephen Jack hafði afraðið að vandlega íhuguðu máli að starfa áfram næstu daga. Hann átti fund með fulltrúum íslensku og bresku fjármálaeftirlitanna fáeinum dögum eftir að skilanefting tók yfir vald hluthafafundar Straums. Þar staðfestu fulltrúar íslenska Fjármálaeftirlitsins að íslenskir innistæðueigendur nytu forgangs hjá Straumi. Að loknum þessum fundi ræddi Jack við skilaneftingarmenn og gerði þeim ljóst að hann gæti ekki starfað lengur á vegum Straums-Burðaráss í ljósi þess hvernig kröfuhöfum væri mismunad. Síðar tókst stjórnendum Straums að sannfæra skilaneftingarmenn um að rétt væri að gæta jafnræðis meðal innistæðueigenda.⁴⁷

Að sögn Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra lá fyrir að breska fjármálaeftirlitið hygðist grípa inn í rekstur bankans hinn 9. mars. Gylfi sagði enn fremur orðrétt að hvort „sem Bretarnir hefðu gert það eður ei var ljóst að bankinn var kominn í þrot“. Gylfi sagði enn fremur að stjórnendum bankans hefði átt að vera ljóst eftir atburði helgarinnar hvert stefndi. Líklega hafi verið reynt til þrautar að leita ásjár utanaðkomandi fjárfesta og það ekki tekist.⁴⁸ Vegna útstreymis af innlánsreikningum bankans fyrir helgina hefði ekki reynst unnt að mæta greiðslum á skuldabréfi sem var á gjalddaga á mánudaginum 9. mars. Afborgunin var að fjárhæð 33 milljónir evra, en upp á vantaði 17,7 milljónir evra, upphæð samsvarandi þeirri sem tekin hafði verið út af innlánsreikningum bankans skömmu fyrir helgina. Stjórnendur Straums leituðu á náðir Seðlabankans eftir lánsfé til að geta staðið í skilum en komu að lokudum dýrum, líkt og

46 Sama heimild.

47 Tölvupóstur Stephen Jack til William Fall, dags. 24. ágúst 2009.

48 „Stjórnendum Straums átti að vera ljóst hvert stefndi.“ *Fréttablaðið*, 10. mars 2009.

greint var frá í fjölmiðlum.⁴⁹ Fjölmiðlar ræddu við starfsfólk bankans sem kom af fjöllum en kvaðst lítið vita um örlög sín, annað en það sem fram kæmi í fjölmiðlum.

Í fréttum kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði beitt neyðarlögnum á Straum til að bjarga tugmilljarða innistæðum Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða í bankanum. Var haft eftir Gunnari Haraldssyni, stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins, að hefði Straumur farið í venjulega greiðslustöðvun hefði ekki verið hægt að tryggja þessar innistæður með sambærilegum hætti, en alls næmu innlán bankans tæpum 70 milljörðum króna.⁵⁰

Misvísandi fregnir

Mikið var fjallað um ríkisvæðingu Straums í dönskum fjölmiðlum, en Straumur hafði þá nýverið tekið við rekstri hinna kunnna stórverslana Magasin du Nord og Illum í Kaupmannahöfn og húsgagnaverslunarkerðjunnar Biva að auki.⁵¹ En lokað var fyrir viðskipti með hluti í Straumi í kauphöllunum í Kaupmannahöfn, Ósló og Helsinki þegar að morgni mánudagsins 9. mars. Straumur hafði þá tilkynnt að hætta væri á að bankinn uppfyllti ekki skilyrði fyrir veru sinni í Norex kauphallarsamstarfinu.⁵² Gengi bréfa Straums féll um 97% í Kauphöllinni í Reykjavík þennan sama dag, en við svo búíð féll úrvalsvísitalan um 13% og náði nýjum lægðum, 230 stigum.⁵³ Úrvalsvísitala Kauphallarinnar fór hæst í 9.016 stig hinn 18. júlí 2007.

Í fréttum var svo greint frá yfirtöku ríkisins á bankanum og sagt frá því að breska fjármálaeftirlitið hefði spurst fyrir um stöðu bankans miðvikudaginn 4. mars og getu hans til að standa við skuldbindingar sínar í næstu viku. Starfsmenn Straums munu hafa svarað því af-

49 Sama heimild.

50 „Seðlabankinn lánaði Straumi.“ *Visir.is*, 9. mars 2009.

51 „Hrun Straums hefur viðtækar afleiðingar í Danmörku.“ *Visir.is*, 9. mars 2009.

52 „Lokað fyrir Straum í norrænum kauphöllum.“ *Visir.is*, 9. mars 2009.

53 „Dapurtt um að litast í Kauphöllinni.“ *Visir.is*, 9. mars 2009.

dráttarlaust svo, að engin vandkvæði væru á því að bankinn gæti staðið við sínar skuldbindingar eftir helgi, en að öðru leyti var vísað á íslenska Fjármálaeftirlitið, sem eftirlitsaðila með rekstri bankans á Íslandi. Er Bretarnir spurðust fyrir um þetta mál hjá Fjármálaeftirlitinu hér heima munu þau svör hafa fengist að Fjármálaeftirlitinu væri ókunnugt um stöðu Straums. Við svo búið hafi Bretarnir orðið órólegir og talið bankann vera eftirlitslausan. Íslenska Fjármálaeftirlitið mun hafa farið að grennslast fyrir um málið í kjölfarið og átt fundi með stjórnendum Straums föstudaginn 6. mars og aftur daginn eftir, en þá höfðu fulltrúar Seðlabanka bæst í hópinn.⁵⁴

Blaðamaður *Fréttablaðsins* leitaði álits Gunnars Haraldssonar, formanns stjórnar Fjármálaeftirlitsins, á þeirri atburðarás sem að framan er lýst. Orðrétt var haft eftir Gunnari: „Ég skil ekki hvernig svona saga fer af stað. FME fylgdist vel með eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu fyrirtækjanna og samskipti okkar við FSA [breska fjármálaeftirlitið] hafa verið með miklum ágætum.“⁵⁵

Höfundur hefur ítrekað spurst fyrir um þessi mál hjá breska fjármálaeftirlitinu á grundvelli breskra upplýsingalaga (e. Information Act), en Bretarnir verjast allra fréttu og bera við bankaleynd. Eina skjalið sem þeir hafa veitt höfundu afrit af er tölvupóstur dagsettur 9. mars, sem líkast til var sendur til íslenskrar systurstofnunar breska fjármálaeftirlitsins. Í þessu bréfi kemur fram að Bretarnir hafi gripið til neyðarráðstafana eða „emergency precautionary action ... in order to protect the interests of consumers in relation to the UK branch and this incoming bank from an EEA State“, eins og það er orðað í tölvubréfinu.⁵⁶

Ýmsir urðu til að gagnrýna að neyðarlögum skyldi beitt gegn Straumi. Jón Magnússon, alþingismaður og hæstaréttarlögmaður, kvaðst undrast ákvörðun stjórnvalda. Að hans mati hefði verið eðlilegra að bankinn hefði farið í skipta-

meðferð án þess að ríkið blandaði sér í málið. Þá gagnrýndi hann ríkisstjórnina fyrir að hætta fjármunum almennings með þessum hætti.⁵⁷

Hinn 19. mars veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Straumi-Burðarási fjárfestingabanka hf. heimild til greiðslustöðvunar til 11. júní. Markmiðið með greiðslustöðuninni var að gera bankanum mögulegt að endurskipuleggja rekstur félagsins í samvinnu við kröfuhafa, en þetta var sú leið sem stjórnendur Straums höfðu ráðgert að fara áður en Fjármálaeftirlitið tók skyndilega ákvörðun um að taka yfir bankann.⁵⁸ Sama dag og bankanum var veitt heimild til greiðslustöðvunar var 79 starfsmönnum hans sagt upp, þar af 38 á Íslandi og 41 í Bretlandi og Danmörku. Þá var tilkynnt að 45 starfsmönnum til viðbótar yrði sagt upp þá um vorið eða sumarið.⁵⁹ Hinn 18. apríl var Óttar Pálsson skipaður nýr forstjóri Straums í stað Willams Fall, sem sagði starfi sínu lausu sama dag og Fjármálaeftirlitið tók við valdi hlutahafafundar Straums.

Svein Harald Öygard hefur greint frá því í samtali við höfund að brotthvarf Straums sem banka í fullum rekstri hafi aukið enn á erfiðleika fjármálakerfisins og torveldað lausnir aðkallandi vandamála þegar komið var fram á sumarið 2009.⁶⁰

Niðurstöður

Af atburðarásinni hér að framan má ljóst vera að málefnalegar forsendur réðu ekki alfarið för hjá stjórnvöldum þegar ákveðið var að veita bankanum ekki frekari fyrirgreiðslu, líkt og fram kom í samtali starfsmanns viðskiptaráðuneytis við Óttar Pálsson, aðallögfræðing Straums. Í stað þess að koma Straumi til aðstoðar var gríðarháum upphæðum af opinberu fé varið til að bjarga öðrum fjármálafyrirtækjum, sem flest hver eru horfin yfir móðuna miklu. Segja má að alþjóðlega fjármálakreppan hafi verið hvað

54 „Straumur gagnrýnir FME.“ *Fréttablaðið*, 10. mars 2009.
55 Sama heimild.

56 Strictly private and confidential – Straumur-Burðaras Investment Bank hf. Tölvupóstur breska fjármálaeftirlitsins, dags. 9. mars 2009. Nöfn sendanda og viðtakanda hafa verið afmáð.

57 „Skiptameðferð eðlilegri en yfirtaka á Straumi.“ *Vísir.is*, 9. mars 2009.

58 „Slitastjórn Straums skipuð.“ *Mbl.is*, 12. maí 2009.

59 „Straumur segir 79 starfsmönnum upp.“ *Mbl.is*, 19. mars 2009.

60 Svein Harald Öygard, viðtal 17. desember 2009.

dýpst um þessar mundir en strax hinn 9. mars 2009 tóku markaðir að hjarna við.

Stjórnvöld efnahagsmála voru á þessum tíma sem höfuðlaus her. Fjármálaeftirlitið var án forstjóra og minnihlutastjórnin sem sat að völdum lagði á það ofurkapp að koma bankastjórn Seðlabankans frá. Nýr seðlabankastjóri var ókunnur aðstæðum á Íslandi og hafði aðeins setið í þrjá daga þegar hér var komið við sögu.

Að svo komnu máli var skynsamlegast að stjórnendur Straums færu fram á greiðslustöðvun. En í stað þess að leyfa bankanum að fara þá leið, sem hefði komið kröfuhöfum hans best, var ákveðið að beita allra hardasta úrræði neyðarlaganna og færa bankann undir skilanevnd á vegum Fjármálaeftirlitsins. Sú ákvörðun var illa ígrunduð og tekin í skyndingu að því er virðist.

William Fall, forstjóri Straums, taldi sér ekki sætt við þessar aðstæður, enda óvíst hvort ákvörðun stjórnvalda stæðist lög. William var nú fyrir skemmstu ráðinn einn af æðstu stjórnendum Royal Bank of Scotland.

Fall Straums hafði víðtækar afleiðingar fyrir íslenskt atvinnulíf. Til að mynda gerði yfirtaka ríkisins á bankanum úti um mikla endurreisnaráætlun bankans hér innanlands, sem nefnd var Project Phoenix. Áform voru upp um að verja 500 milljónum evra til þessa verkefnis.

Ný ríkisstjórn hafði sest að völdum í krafti þess að í hönd færu nýir tímar gagnsæis og faglegra vinnubragða. Öll atburðarásin í aðdraganda falls Straums-Burðaráss ber þvert á móti vott um margt það versta sem einkennt hefur íslenska stjórnsýslu.

Heimildaöflun

Við ritun þessarar greinar um fall Straums-Burðaráss er einkum stuðst við mikið magn heimilda frá fyrrverandi stjórnarmönnum og stjórnendum Straums. Eins og að framan er lýst verður fátt fullyrst með vissu um hvað gekk á í íslenska Fjármálaeftirlitinu dagana áður en skilanevnd var sett yfir Straum. Höfundur átti viðtal við Gunnar Haraldsson, þáverandi formann stjórnar Fjármálaeftirlits, en segja má að hann verjist allra fréttu. Ragnar Hafliðason, sem þá var starfandi forstjóri eftirlitsins, svaraði beiðni höfundar um viðtal með svofelldum hætti: „Ég hyggst ekki veita umbeðið viðtal um málefni Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf.“⁶¹ Þá hefur núverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Gunnar Þ. Andersen, meinað höfundi aðgang að nokkrum þeim upplýsingum er málið varða.⁶²

Sömuleiðis hafa stjórnendur Seðlabankans neitað að afhenta höfundi nokkur gögn er þetta

mál varðar og þá biðjast yfirmenn bankans undan því að ræða málið. Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs bankans, svaraði höfundi orðrétt svo í tölvupósti: „Ég er bundinn trúnaði um það sem fer fram tenget einstökum bönkum og er því ónothæfur sem heimild í þína rannsókn.“⁶³ Arnór Sighvatsson, þáverandi aðalhafgfræðingur bankans, hefur ekki svarað beiðni höfundar um viðtal. Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, ræddi stuttlega við höfund í síma vegna þessa máls, en að höfðu samráði við aðallögfræðing bankans, taldi hann sér óheimilt að upplýsa um nokkuð það sem máli þessu viðkemur. Svein Harald Öygard, fyrrverandi seðlabankastjóri, veitti höfundi viðtal í Ósló hinn 17. desember, en því miður var hann vart fánlegur til að tjá sig um þessi mál svo að nokkru gagni yrði.

Höfundur fór þess á leit við efnahags- og viðskiptaráðuneyti, forsætisráðuneyti og Seðlabanka að verða veittur aðgangur að gögnum

61 Tölvupóstur Ragnars Hafliðasonar til höfundar, dags. 11. nóvember 2009.

62 Bréf Gunnars Þ. Andersen og Arnars Þórs Sæþórssonar til höfundar, dags. 3. nóvember 2009 og 18. janúar 2010.

63 Tölvupóstur Sturlu Pálssonar til höfundar, dags. 3. nóvember 2009.

í vörslu viðkomandi stofnana sem vörðuðu Straum-Burðarás frá áramótum 2009 og sér í lagi var óskað eftir gögnum sem varpa kynnu ljósi á þá ákvörðun sem tekin var í málinu. Voru bréf þessi dagsett hinn 6. október 2009.⁶⁴ Hinn 20. október voru pósthögð sambærileg bréf til fjármálaráðuneytis og Fjármálaeftirlits.⁶⁵

Engin hinna ofangreindu stofnana svaraði bréfum undirritaðs innan sjö daga lögbundins frests, sbr. 1. mgr. 11. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. Undirritaður ítrekaði bréf sitt til fjármálaráðuneytis með öðru bréfi dagsettu 2. nóvember.⁶⁶ Svar fjármálaráðuneytis barst höfundu hinn 8. nóvember. Þar kom fram að ekki lægju fyrir í skjalasafni ráðuneytisins nein „minnisblöð, fundargerðir, bréf eða önnur gögn“ viðvíkjandi fundum starfsmanna ráðuneytisins með stjórnendum Straums-Burðarás. Hins vegar höfðu fundist tvö skjöl frá áramótum er vörðuðu Straum-Burðarás og fylgdu afrit þeirra með bréfinu. Þau skjöl vörpuðu engu ljósi á þá ákvörðun sem tekin var.⁶⁷

Seðlabankinn synjaði undirrituðum um aðgang að nokkrum gögnum er málið varða og var sú ákvörðun kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.⁶⁸ Úrskurðarnefnd um upplýsingamál gaf Seðlabanka Íslands færi á að gefa umsögn um kæru undirritaðs og fékk höfundur afrit þess bréfs. Með því bréfi voru úrskurðarnefndinni afhent í trúnaði afrit tveggja skjala, sem Seðlabankinn taldi „helst varða kæruna“, en umrædd bréf eru frá Seðlabanka til Straums-Burðarás, dagsett 29. janúar og 3. febrúar. Þau gögn geta því vart snert meginefni þess máls sem höfundur rannsakar. Þá kemur einnig fram í umræddu bréfi að engin gögn séu til í Seðlabankanum er varði þá fundi stjórnenda Straums og Seðlabankans sem höfundur hafði óskað eftir.⁶⁹ Úrskurðarnefnd um

upplýsingamál kvað upp úrskurð í umræddu máli hinn 22. desember, þar var beiðninni að hluta til vísað frá og að hluta til var synjun Seðlabankans staðfest.⁷⁰

Höfundur hafði raunar sent nokkur önnur erindi til Seðlabankans vegna rannsókna sem hann vinnur að og nærri alltaf fengið neikvæð svör. Það varð því að ráði að óska eftir viðtali við Mát Guðmundsson seðlabankastjóra til að ræða þessi mál. Ritari seðlabankastjóra lagði til að undirritaður sendi tölvuskeyti sem ritarinn myndi koma á framfæri við yfirmann sinn. Tölvuskeytið var dagsett hinn 24. nóvember 2009. Ekkert svar barst svo höfundur ítrekaði erindið hinn 2. febrúar 2010. Nokkru síðar hafði Mát Guðmundsson samband og fundaði með höfundu hinn 23. febrúar. Þar kvaðst hann vera reiðubúinn að gera allt sem í hans valdi stæði til að liðka fyrir aðgangi undirritaðs að gögnum í vörslu bankans. Hann ráðlagði undirrituðum því næst að rita sér formlegt bréf og óska enn á ný eftir gögnum og lýsa þeim rannsóknarverkefnum sem höfundur ynni að. Það varð úr og nýtt bréf til Mát var dagsett hinn 1. mars 2010. Á tali seðlabankastjórans var svo að skilja að hann vildi gera allt sem hægt væri til að opna skjalasöfn bankans og auðvelda höfundu að afla upplýsinga. Myndi afgreiðsla erindis þessa verða fordæmi fyrir önnur sambærileg mál, enda kvaðst Mát gjarnan vilja auðvelda sagnfræðingum að nálgast gögn í bankanum.

Hinn 10. mars barst höfundu tölvupóstur frá Sigfúsi Gauta Þórðarsyni, lögfræðingi í bankanum, þess efnis að bankinn gæti ekki svarað fyrirspurninni fyrr en um mánaðamótin mars/apríl. Hinn 14. apríl hafði ekkert svar borist og því sendi undirritaður tölvupóst til Sigfúsar Gauta og spurðist fyrir um erindið. Í svari sem barst degi síðar sagði hann að afgreiðslan hefði tafist en vænta mætti svars á næstu dögum. Um klukkan 16:40 föstudaginn 16. apríl hafði Mát samband við höfundu símleiðis. Þar tjáði hann honum að höfundur hefði tvo kosti, annars vegar að fá svar strax þann daginn og það yrði neikvætt. Hins vegar bíða í nokkra daga og fá hugsanlega jákvætt svar, en það gæti líka orðið neikvætt.

skurðarnefndar um upplýsingamál, dags. 24. nóvember 2009.
70 Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál í málinu A-324/2009.

64 Bréf höfundar til Jónínu Lárusdóttur, Mát Guðmundssonar og Ragnhildar Arnljótsdóttur, dags. 6. október 2009.

65 Bréf höfundar til Guðmundar Árnasonar og Gunnars P. Andersen, dags. 20. október 2009.

66 Bréf höfundar til Guðmundar Árnasonar, dags. 2. nóvember 2009.

67 Bréf Hafsteins S. Hafsteinssonar og Egils Tryggvasonar til höfundar, dags. 8. nóvember 2009.

68 Bréf Sigríðar Logadóttur og Sigfúss Gauta Þórðarsonar til höfundar, dags. 14. október 2009. – Kæra höfundar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og bréf höfundar til Mát Guðmundssonar, dags. 25. nóvember 2009.

69 Bréf Mát Guðmundssonar og Sigríðar Logadóttur til úr-

Tiltók hann sérstaklega í samtalinu að höfundur skyldi síður vísa í upplýsingalögin.

Sá er þetta ritar féllst á að bíða, enda hafði seðla-bankastjórinn gert undirrituðum ljóst að ella yrði honum alfarið neitað um aðgang að gögnum. Undirrituðum var alvarlega misboðið við svo þóttafulla framkomu sem vart getur samræmst yfirlýsingum ráðamanna um nauðsyn vandaðrar málsmeðferðar og faglegra vinnubragða í opinberri stjórnslu. Formlegt svar barst með bréfi dagsettu 30. apríl 2009. Þar hafnaði Már alfarið að veita aðgang að nokkrum gögnum og beitt var sömu röksemdafærslu og í fyrri svarbréfum, þ.e. að bankinn væri bundinn trúnaði gagnvart viðskiptamönnum sínum.

„Að þjóna almenningi frá morgni til kvölds“

Undirritaður óskaði einnig eftir gögnum í forsætisráðuneyti, en mjög dróst að fá svar frá Ragnhildi Arnljótsdóttur ráðuneytisstjóra og var beiðnin því ítrekuð með bréfi dagsettu 25. október. Fáeinum dögum síðar, eða hinn 9. nóvember, birtist frétt á vefmiðlinum *Vísir* þar sem rætt var við Ragnhildi. Nefndi hún í fréttinni þá skyldu stjórnslunnar „að þjóna almenningi frá morgni til kvölds“. Ræddi hún meðal annars um það markmið stjórnvalda að bæta aðgengi almennings að gögnum innan stjórnslunnar.⁷¹ Á sama tíma heytist ráðuneyti þessa sama ráðuneytisstjóra á að veita þeim er þetta ritar einfalt svar við því hvort tiltekin gögn væru til í vörslu ráðuneytisins. Hinn 16. nóvember kærði höfundur til úrskurðarnefndar um upplýsingamál þann óhæfilega drátt sem orðið hafði á svari forsætisráðuneytis.⁷² Friðgeir Björnsson, formaður úrskurðarnefndar um upplýsingamál, áminnti í framhaldinu ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins vegna þessa dráttar með bréfi dagsettu 18. nóvember 2009 og beiðni þeim tilmælum til ráðuneytisstjóra að afgreiða erindi höfundar svo fljótt sem verða mætti og

71 „Þarf að breyta viðhorfi til stjórnslunnar.“ *Visir.is*, 9. nóvember 2009.

72 Kæra höfundar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og bréf til Ragnhildar Arnljótsdóttur, dags. 16. nóvember 2009.

eigi síðar en 27. nóvember.⁷³ Forsætisráðuneytið varð við umvöndunum nefndarinnar og svaraði höfundi með bréfi dagsettu 19. nóvember. Þar kom fram að engin gögn varðandi umrætt mál væri að finna í vörslu ráðuneytisins.⁷⁴

Nokkurn tíma tók höfund að nálgast gögn viðskiptaráðuneytisins viðvíkjandi þessu máli, en höfundur ítrekaði beiðni sína í tvígang með tölvupósti. Með svarbréfi ráðuneytisins fylgdu tvö skjöl er ekki komu höfundi að neinu gagni, en í bréfi ráðuneytisins er þetta orðað svo: „Meðfylgjandi eru ljósrit þeirra samskipta sem átt hafa sér stað á milli ráðuneytisins og Straums-Burðaráss og eru í skjalasafni ráðuneytisins.“⁷⁵

Samræmdur framburður ráðuneyta

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra var inntur álits á því í samtali við *Fréttablaðið* hinn 13. mars 2009 hvers vegna sú leið hefði verið farin að setja skilanefnd yfir bankann í ljósi þess að föstudaginn 6. mars hefði legið fyrir samkomulag bankans og stærstu lánardrottna um framlengingu lána. Gylfi svaraði fyrirspurn blaðamanns svo: „Ég veit ekki til þess að ráðuneytið hafi vitneskju um þetta“ og átti hann þar við viðskiptaráðuneytið.⁷⁶ Þessi athugasemd Gylfa leiðir aftur hugann að því að í ráðuneyti hans finnst aðeins eitt bréf frá áramótum er varðar Straum-Burðarás, en það er bréf ráðuneytisins til Straums, dagsett 20. febrúar og fjallar um frystingu svokallaðra myntkórfulána.⁷⁷ Vegna þeirra margbrotnu mála er snertu Straum-Burðarás á umræddu tímabili og komu á borð stjórnvalda verður að líta svo á að alvarleg brotalöm sé í skjalavörslu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, sem og fleiri ríkisstofnana.

73 Bréf Friðgeirs Björnssonar til Ragnhildar Arnljótsdóttur, dags. 18. nóvember 2009.

74 Bréf Ragnhildar Arnljótsdóttur og Ágústis Geirs Ágústssonar til höfundar, dags. 19. nóvember 2009.

75 Bréf Kjartans Gunnarssonar og Helgu Halldórsdóttur til höfundar, dags. 19. nóvember 2009.

76 „Straumur samdi við kröfuhafa í síðustu viku.“ *Fréttablaðið*, 13. mars 2009.

77 Bréf Jónínu S. Lárusdóttur og Valgerðar Rúnar Benediktsdóttur til Straums-Burðarás, dags. 20. febrúar 2009. Skjalasafn efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

Í ljósi þess hversu fátæklegt var um að litast í skjalageymslum fjármálaráðuneytis og efnahags- og viðskiptaráðuneytis fór höfundur þess á leit við þá Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra og Gylfa Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, að þeir veittu honum viðtal. Var beiðni þar að lútandi send bréfleiðis hinn 9. nóvember 2009.⁷⁸ Ritari fjármálaráðherra hringdi til undirritaðs að morgni 11. desember og tilkynnti honum að ráðherra hefði neitað honum um viðtal. Hins vegar mætti undirritaður eiga von á bréfi þar sem afstaða ráðuneytisins yrði skýrð frekar. Það bréf barst aldrei. Skömmu fyrir áramótin hringdi höfundur til ritara efnahags- og viðskiptaráðherra og spurðist fyrir um afdrif beiðnarinnar um viðtal við ráðherrann. Ritarinn kvaðst myndu kanna málið.

Skömmu eftir áramót bárust höfundi svarbréf viðvirkjandi beiðnum um viðtöl við ráðherrana. Bréfið frá fjármálaráðuneytinu var svohljóðandi:

Vísað er til bréfs yðar, dags. 9. nóvember 2009 þar sem þér óskið eftir viðtali við fjármálaráðherra vegna ofangreindrar rannsóknar, en þ. 8. nóvember s.l. mun ráðuneytið hafa sent yður ýmis gögn er tengjast máli þessu

Með hliðsjón af eðli málsins mun ráðherra ekki vera til viðtals.⁷⁹

Svar efnahags- og viðskiptaráðuneytis var á þessa leið:

Vísað er til bréfs yðar, dags. 9. nóvember 2009, þar sem þér óskið eftir viðtali við efnahags- og viðskiptaráðherra vegna rannsóknar á aðdraganda þess að Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf. var færður undir skilaneftnd á vegum Fjármálaeftirlitsins, en þann 19. nóvember sl. mun ráðuneytið hafa sent yður ýmis gögn er tengjast máli þessu.

Með hliðsjón af eðli málsins mun ráðherra ekki vera til viðtals.⁸⁰

Bæði eru þessi bréf dagsett 12. janúar 2009.

78 Bréf höfundar til Gylfa Magnússonar og Steingríms J. Sigfússonar, dags. 9. nóvember 2009.

79 Bréf Hafðísar Ólafsdóttur og Margrétar Guðrúnar Ormslev til höfundar, dags. 12. janúar 2010.

80 Bréf Jónínu S. Lárusdóttur og Kjartans Gunnarssonar til höfundar, dags. 12. janúar 2010.

Seinna bréf undirritaðs til Fjármálaeftirlitsins var póstlagt hinn 8. janúar og hefur líkast til borist 9. eða 10. sama mánaðar. Ekki verður fullyrt um að tengsl séu þarna á milli en sérstakt er að ráðuneytin tvö „samhæfi framburð sinn“ skyndilega með þessum hætti og svo löngu eftir að beiðnirnar um viðtöl bárust þeim.

Agaleysi í stjórnsýslu

Þeim er þetta ritar þykir með öllu ótækt að ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn um svo viðurhlutamikla viðburði sem raktir eru í greininni hér að framan. En það er ekki einasta að skjalavarsla virðist í megnasta ólestri heldur er erindum borgaranna ekki sinnt. Reynsla undirritaðs er sú að stofnanir hins opinbera svara ekki erindum nema þau séu ítrekuð og oft þarf að ítreka margsinnis. Þessu er öfugt farið í nágrannalöndum. Höfundur hefur við rannsóknir sínar einnig þurft að leita til erlendra stofnana, þar á meðal breska fjármálaeftirlitsins. Afgreiðsla erinda við þá stofnun er til mikillar fyrirmyndar, en þarlandi löggjöf um upplýsingamál (Freedom of Information Act) er fylgt til hins ýtrasta. Til að mynda upplýsir stofnunin undireins um það þegar mál hefur borist henni til meðferðar.

Það er óþolandi fyrir réttaröryggi borgaranna ef ómögulegt er að nálgast skjöl vegna þess eins að ekki var hirt um að skrá þau og flokka, eða þá að þeim hefur beinlínis verið fargað. Mér er ljóst að borgarar hafa orðið fyrir stórkostlegu tjóni vegna slægrar skjalavörslu, að ekki sé talað um það ef embættismenn hreinlega láta ógert að taka saman gögn sem varða viðurhlutamiklar ákvarðanir.

Í nútímalegu lýðræðisríki hlýtur almenningur að gera þá skýlausu kröfu til ábyrgðarmanna skjala að þeir færi mikilvægar upplýsingar samviskusamlega til bókar. Forstöðumenn ríkisstofnana og aðrir embættismenn bera raunverulega ábyrgð að lögum, og leita verður leiða til að stofnanir hins opinbera hlíti fyrirmælum laga um skráningu og frágang skjalasafna. Skipulögð vinnubrögð í þessum efnum krefjast þó ekki gríðarflókinna kerfa eða himinhárra fjármuna úr opinberum sjóðum. Heilbrigð skynsemi og agi ætti að vera mönnum ágætt leiðarljós.